



Yfirlit yfir breytingar á lögum, reglum og reglugerðum LH 2025

Breytt eftir landsþing 2024 og FEIF þing 2025

*Breytingar eru **litaðar gular**

Lög Landssambands hestamannafélaga

4.4 Dagskrá landsþings

...

- Lagðir fram reikningar sambandsins til samþykktar. Skulu reikningarnir settir upp og **skoðaðir** af löggiltum endurskoðanda. Þá skal á landsþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 – 9 mánuði ársins, sem er að líða.
- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun til tveggja ára
- **Lagðir fram til kynningar skoðaðir reikningar LM ehf. og gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 – 9 mánuði ársins, sem er að líða.**
- **Lagðir fram til kynningar skoðaðir reikningar Skógarhóla ehf. og gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8 – 9 mánuði ársins, sem er að líða.**

...

6.2 Stjórnskipaðar nefndir

...

Aðrar nefndir ef stjórnin telur þörf á. Stjórn LH setur nefndum starfsreglur. **Samþykktar fundagerðir nefnda skulu birtar á heimasíðu LH innan viku frá því að þær eru samþykktar þó eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundi lýkur.**

10.4 Breyting á lögum þessum, reglum og reglugerðum

...

Stjórn LH er heimilt á milli landsþinga að breyta reglum og reglugerðum um keppni í hestaíþróttum í samræmi við tillögur keppnisnefndar LH. **Þessar breytingar skulu birtar opinberlega (t.d. á netmiðlum) og taka strax gildi sem undanþága eða bráðabirgða lög. Allar þessar breytingar þurfa svo að fá samþykki næsta landsþings til að fá endanlegt gildi í lögum og reglum LH.** Þá er stjórn LH ávallt heimilt að uppfæra reglur um íþróttakeppni og almennar reglur um keppni í samræmi við birtar breytingar á alþjóðareglum FEIF.

...

Reglugerð um Íslandsmót

1. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Úthluta skal Íslandsmótum með þriggja ára fyrirvara. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október þremur árum fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember þremur árum fyrir mót.

...

2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna skal keppt í einum styrkleikaflokki í fullorðinsflokki. Keppt skal í greinum þar sem keppendur eru einir inni á vellinum í einu, V1, F1, T1, T2 og skeiðgreinum, PP1, P1, P3, P2. Farnir skulu 4 sprettir í 250m og 150m skeiði. Í ungmennaflokki skal keppa í sömu greinum og í fullorðinsflokki.

Á Íslandsmóti barna og unglinga skal keppt í eftirfarandi keppnisgreinum:

Börn keppi í V2, T3, T4, gæðingakeppni og gæðingatölti.

Unglingar keppi í V1, T1, F2, T4, skeiðgreinum PP1 og P2, gæðingakeppni og gæðingatölti.

Heimilt er á báðum Íslandsmótum að bjóða upp á fleiri greinar sem sýningagreinar, kjósi mótshaldarar svo. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

Heimilt er á báðum Íslandsmótum að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarkspáttaka til verðlauna.

Reglugerð um Íslandsmót í Gæðingalist (ný reglugerð)

1. Ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu

Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í Gæðingalist skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót í Gæðingalist skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kys að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið.

Dagsetning Íslandsmóta er ákveðin af stjórn í samráði við mótshaldara og skal mótið haldið fyrir 15. maí ár hvert. Halda skal Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, unglinga og barna sameiginlega.

2. Keppnisgreinar

Á Íslandsmóti í gæðingalist skal keppt í einum styrkleikaflokki í hverjum flokki.

Barnaflokkur: Stig 2

Unglingaflokkur: Stig 2

Ungmennaflokkur: Stig 2

Fullorðinsflokkur: Stig 3

Keppni fer fram eftir reglugerð LH um Gæðingalist.

Heimilt er að bjóða upp á fleiri greinar á mótinu, kjósi mótshaldarar svo. Í sýningargreinum skal ekki krýna Íslandsmeistara.

3. Þátttökuréttur á Íslandsmóti í Gæðingalist

Meistaraflokkur fullorðins – öllum opinn

Ungmennaflokkur – öllum opinn

Unglingaflokkur – öllum opinn

Barnaflokki – öllum opinn

4. Auglýsing og skráningar

Íslandsmót skal auglýsa fyrir 1. janúar ár hvert. Það aðildarfélag sem heldur Íslandsmót hverju sinni skal sjá um skráningu og innheimtu skráningargjalda keppenda af öllu landinu. Skráningu skal ljúka 6 dögum áður en mót hefst. 5 dögum áður en mót hefst skulu allar skráningar staðfestar. 3 dögum áður en mót hefst skal birta dagskrá og ráslita.

5. Yfirdómnefnd

Yfirdómnefnd er skipuð 5 einstaklingum (sjá grein 4.1. í reglugerð um úrskurðarnefndir og dómstól ÍSÍ).

6. Skipun dómara

Dómaranefnd LH skal skipa yfirdómara og með honum hæfustu dómara sem völ er á. Yfirdómari dæmir ekki sýningar inni á reiðvelli. Skipa skal yfirdómara og dómnefndir a.m.k. mánuði fyrir upphaf mótsins.

7. Ýmis ákvæði um Íslandsmót í Gæðingalist

Á Íslandsmóti í Gæðingalist skulu fimm efstu þör eftir forkeppni ríða til úrslita.

8. Skilyrði sem skal uppfylla

LH skal leggja lista fyrir mótshaldara yfir þau atriði og aðstöðu, sem gilda skal sem lágmarkskröfur til að halda megi Íslandsmót hverju sinni. Listi þessi skal lagður fyrir mótshaldara sem þurfa að uppfylla þau atriði sem eru á listanum áður en skrifað er undir samning um Íslandsmót.

9. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir fyrir Íslandsmót, þar sem við á. Að öðru leiti gildir reglugerð LH um Gæðingalist og keppendur.

Reglugerð um Áhugamannamót Íslands

2. Keppnisgreinar

Á Áhugamannamóti Íslands skal keppt í 1., 2. og 3. flokki.

...

3. Þátttökuréttur

Allir sem náð hafa 22 ára aldri og hafa ekki keppt í meistaraflokki á WR mótum á síðastliðnum þremur keppnistímabilum (keppnistímabil miðast við almanaksárið).

Reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót

4. Keppnisgreinar Landsmóta og fjórðungsmóta

...

Heimilt er að keppa í ungmennaflokki A-flokki á Landsmótum sem sýningargrein.

Ekki skal keppt í C flokki, C1 flokki eða gæðingatölti á Landsmótum.

...

5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

...

Félögum er heimilt að halda sameiginlegar úrtökur. Úrtökur skulu auglýstar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Ekki er heimilt að skrá hross í A og B flokk í úrtöku fyrir Lands- og fjórðungsmót hjá öðru félagi en eigandi viðkomandi hross er skráður í, nema um sameiginlega úrtöku sé að ræða.

...

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki gæðinga í gegnum úrtökur hestamannafélaganna, fá efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum úrtökur hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti.

Í barna-, unglinga- og ungmennaflokki ákvarðast fjöldi þátttakenda, sem fá þátttökurétt á Landsmóti í gegnum stöðulista, við þann fjölda sem skráður hefur verið og fengið hafa keppnisrétt á Landsmótum í gegnum úrtökur hjá sínum félögum. Öll sæti sem félögin nýta ekki teljast því til stöðulista. Heildarfjöldi þátttakenda í flokkunum þremur getur að hámarki orðið sá fjöldi sem yrði ef öll aðildarfélög sendu þann fulltrúafjölda sem þau hafa heimild til.

...

Reglugerð um mótahald á Íslandi

2. Þátttöku- og keppendareglur

...

Keppandi getur aðeins tekið þátt í löglegu íþróttamóti/gæðingakeppni í nafni eins félags á sama keppnistímabili.

...

3. Reglugerð um dómara í hestaíþróttum

3.2 Dómararéttindi

Dómarar við gæðingakeppni, íþróttakeppni og gæðingalist skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem dómari í greinum hestaþróttar.

...

Réttindi íþróttadómara:

- a. Héraðsdómari hefur rétt til að dæma öll almenn íþróttamót, þó ekki Íslandsmót og Landsmót.
- b. Landsdómari hefur rétt til að dæma á öllum íþróttamótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess.

Réttindi dómara í gæðingalist:

sjá gr. GL3.7 í reglugerð um gæðingalist.

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómararéttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða eða óviðeigandi framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélaganna.

...

3.3 Skipun dómara á mót

Dómaranefnd ber ábyrgð á skipun dómara á mót.

...

5. Íslenskar sérreglur um keppni

5.5 Viðbrögð við slysum og óhöppum á mótssvæði

Mótshöldurum ber að framfylgja viðbragðsáætlun Landssambands hestamannafélaga.

Viðbragðsáætlun tekur til hverskyns slysa eða óhappa sem gerast á meðan á móti stendur.

Mótsstjórn skipar öryggisfulltrúa sem hefur yfirumsjón með atvikum sem upp koma og skal mótstjórn og/eða yfirdómari tilkynna öryggisfulltrúa um slys og óhöpp.

Sjá fylgiskjal: Viðbragðsáætlun fyrir mótahald Landssambands hestamannafélaga

5.6 Innanhússmót

Til að innanhússmót verði lögleg og telji til árangurs knapa á hverju keppnisári þarf mótið að fara fram á velli sem er að lágmarki 19 m á breidd og 50 m á lengd í hringvallagreinum og að lágmarki 18 m á breidd og 40 m á lengd í gæðingalist.

Allar löglegar hringvallagreinar í íþróttakeppni, framkvæmdar samkvæmt gildandi reglum greinanna, teljast til löglegra innanhússgreina að uppfylltum skilyrðum og gilda því á stöðulista ársins innanhúss. Ekki er heimilt að keppa í flugskeiði í gegnum höll í barna- og unglingaflokki.

Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku í íþróttagreinum á Landsmóti né ekki til þátttöku á Íslandsmóti.

Almennar reglur um keppni

A1.3.2 Klár í keppni (*fitness to compete*)

...

A1.5 Siðareglur: Heiðarleg keppni og íþróttir

...

Hrein íþrótt

Lyfjamisnotkun getur verið skaðleg heilsu knapa og notkun eiturlyfja er skaðleg ímynd og gildi hestaíþróttta, hvort sem notkun lyfja sé í þeim tilgangi að bæta árangur eða ekki.

FEIF hefur það að leiðarljósi að standa vörð um heiðarleika í keppni í hestaíþróttum, hvetja til sanns íþróttanda og verja réttindi íþróttamanna, og telur FEIF að sérhver íþróttamaður eigi rétt á að keppa í jöfnum leik, án áhrifa frammistöðubætandi lyfja.

A7.3.2 Keppnisréttur

...

- a. Fimm vetra gamall hestur má einungis hefja keppni einu sinni á dag.
- b. Sex vetra hestur má hefja keppni tvisvar á einum degi.
- c. Sjö vetra og eldri hestur má hefja keppni þrisvar sinnum á dag.
- d. Sérhver forkeppni eða úrslit teljast vera „hafin keppni“.
- e. Í gæðingaskeiði, 100m skeiði og skeiðkappreiðum (250m og 150m) teljast 2 sprettir vera ein hafin keppni. Einn sprettur í 100m skeiði og skeiðkappreiðum (250m og 150m) telst einnig vera ein hafin keppni.
- f. Hestum er heimilt að keppa oftari en einu sinni í sömu grein ef það er í öðrum aldursflokki.

...

A8.1 Hnakkar

...

Viðurkenndur útbúnaður felur einnig í sér gjörð, ístöð, hlífðardýnu, hnakkklæði/hnakkdýnu, forgjörð, reiða, ístaðsupphengjur og ól á hnakknefi.

...

A8.2.2 Mél og beislabúnaður í íþróttakeppni

...

Engu má bæta við mél öðru en hringjahlífum og keðjuhlífum og ekkert annað má vera í munnri hestsins. Reiðmúll, ennisól, kverkól og taumur eru hluti af beislabúnaði.

...

A8.4 Aukabúnaður

- Aðeins er heimilt er að nota þann búnað sem er á lista FEIF yfir leyfilegan búnað.

...

- Heimilt er að nota ábreiðu í upphitun.
- Heimilt er að nota þann hringteymingabúnað sem er talinn upp í grein 15 Viðauki 8

A8.4.1 Pískar

Pískur má ekki vera lengri en 120 cm að meðtöldum pískenda. Í skeiðkappreiðum eru pískar bannaðir en þó er heimilt að nota písk í upphitun fyrir skeiðkappreiðar. Knapi má einungis nota einn písk í einu.

Reglur um íþróttakeppni

Í1.6.3.1 Röng járning

Teljast keppnispar við búnaðarskoðun hafi brotið reglur um járningu, skal það dæmt úr leik í viðkomandi grein og allur árangur á mótinu skal felldur niður. Með leyfi yfirdómara er mögulegt að járna hestinn upp á nýtt og er þá knapanum heimilt að taka þátt í þeim greinum sem eftir eru.

Í1.6.3.2 Skeifa fellur undan

...

Skeiðgreinar:

- Ef þetta gerist í skeiðkeppni fær viðkomandi keppnispar ekki einkunn og/eða tíma fyrir þann sprett.
- Hestur sem kemur í búnaðarskoðun án skeifu, skal dæmdur úr leik í þeim spretti.

Allar aðrar keppnisgreinar:

- Ef þetta gerist í forkeppni skal keppnisparið dæmt úr leik í viðkomandi keppnisgrein og fær ekki einkunn.
- Ef þetta gerist í úrslitum skulu allar einkunnir sem gefnar hafa verið fyrir þau verkefni sem lokið er áður en skeifa fer undan standa. Keppandinn fær 0 fyrir þau verkefni sem eftir eru.
- Hestur sem kemur í búnaðarskoðun án skeifu, skal dæmdur úr leik í forkeppni, en ef um úrslit er að ræða skal hann fá 0 fyrir síðasta verkefni í viðkomandi keppnisgrein.

Í1.7 Dregið til baka úr keppni

...

Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast.

Ef keppnispar er skráð í forkeppni sem eru á dagskrá mótsins eftir að fyrstu úrslit annarar greinar sem hann tók þátt í, fara fram, og knapinn er aðeins með einn hest í þeim úrslitum, er honum heimilt að draga sig úr þeim úrslitum, innan 30 mínútna eftir að síðasta forkeppni sem parið er skráð í, lýkur.

Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða þessar sérstöku aðstæður hafi skapast sem að ofan eru nefndar, en þá undanþágu getur einungis yfirdómari gefið. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til skráningar keppnisbanna og aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik kemur næsti hestur, sem vill þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans í samræmi við grein Í2.5.

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í annað hvort A, B eða C úrslit, skal hann, a.m.k. einni klukkustund áður en viðkomandi úrslit hefjast, ákveða á hvaða/hvorum hesti/num hann hefur keppni í viðkomandi úrslitum. Annar/aðrir hestar knapans raðast í sætaröðun í samræmi við forkeppni og lenda í síðasta/u sæti/um í viðkomandi úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum í samræmi við reglu Í2.5.

Í2.3.2 Úrslit og forkeppni þar sem fleiri en einn keppandi er á vellinum í einu

...

Á meðan einkunnir eru sýndar og lesnar upp skal einungis ríða hestunum á feti. Til að laga millibil mega knapar snúa við eftir **fyrirmælum þular undir eftirliti yfirdómara.**

...

Í8 Viðauki 1: Heimslisti/WorldRanking

...

12. Á WorldRanking mótum er skylt að framkvæma búnaðarskoðun á öllum hestum sem taka þátt í úrslitum og lesið skal af örmerki og framkvæmd búnaðarskoðun á a.m.k. 25% á hestum sem taka þátt í forkeppni.

Ef lesið er af örmerki á öllum hestum við komu á keppnissvæðið þarf ekki að lesa af örmerki við búnaðarskoðun. Mótshaldarar þurfa að tryggja nægilegt starfsfólk í búnaðarskoðun til að nægur tími gefist fyrir skoðunina. Þörf er á fleira starfsfólki við fótaskoðun í skeiðgreinum og í úrslitum.

...

26. Skylt er að hafa rafræna tímatöku

Í17.8 Lýsing á keppnisvelli fyrir gæðingaskeið



Reglur um gæðingakeppni

3.4 Hrekkir og fleira

...

Fari hestur út af vellinum eftir að vera kominn inn á völlinn, áður en keppni er lokið, skal honum vísað frá keppni, nema að augljós utanaðkomandi atvik valdi. Hestur telst hafa farið út af vellinum þegar allir fjórir fætur eru farnir út af vellinum.

...

6.1 Þátttökuréttur í úrslitakeppni

...

Mótshaldarar hafa heimild til að hafa bæði A og B úrslit í öllum flokkum.

Efstu fimm til átta keppendur í forkeppni vinna sér sæti í úrslitum sem kölluð eru A úrslit. Sé þátttaka nægileg getur mótshaldari skipulagt önnur úrslit (6.-10. eða 8.-15. sæti) sem nefnd eru B úrslit.

Forfallist hestur, öðlast fyrsti varahestur úr forkeppninni þátttökurétt.

Efsti hestur í B-úrslitum fær keppnisrétt í A-úrslitum. Ákveði knapi efsta hests í B-úrslitum að taka ekki þátt í A-úrslitum getur enginn annar komið í hans stað.

6.2 Framkvæmd úrslitakeppni

...

Í A og B flokki og ungmennaflokki er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir feður í reið og vilja, hvort fyrir sig.

Í unglingsflokkum er gefin einkunn á milli gangtegunda fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

Í barnaflokkum er gefin einkunn á milli gangtegunda ásamt einkunn fyrir stjórnun og ásetu, hvort fyrir sig, fyrir hvern keppanda.

Framkvæmdanefnd sér um að allir knapar beri greinilega merkingu á báðum hliðum, t.d. á stígvélum eða upphandlegg.

7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

...

Í barna-, unglings- og ungmennaflokkum keppir knapi fyrir sitt félag óháð félagsaðild hesteiganda.

7.3 Einkunnir í yngri flokkum

...

Í barnaflokkum er gefin einkunn fyrir stjórnun og ásetu fyrir hverja gangtegund. Í unglingsflokkum er gefin einkunn í lokin fyrir stjórnun og ásetu og hefur hún sama vægi og ein gangtegund.

8 Reglur LH um sérstaka forkeppni

8.1 Sérstök forkeppni

Sérstök forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að allt að þrjú hestar eru í dómi á hringvellingum í einu. ...

Reglur um Gæðingalist

GL1.1 Inngangur

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt, með tónlist, þar sem öll þjálfunarstig eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.

GL1.4 Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir gilda 40%
- flæði, reiðmennska og fegurð í reið gilda 20%

GL1.5 Vægi æfinga

Vægi allra æfinga á 1. stigi er 1,0.

Faghópur LH um Gæðingalist hefur heimild til þess að endurskoða og gera breytingar á vægi einstakra æfinga og skal birta þær breytingar sem kunna að verða fyrir 1. desember ár hvert.

GL1.8.2 Æfingar

...

Á 1. stigi má knapi sýna æfingar sínar hvar sem er á reiðvellingum en þó þannig að sjónarhorn dómara sé sem best. Allar æfingar á fyrsta stigi hafa vægið 1 fyrir utan fácinar undantekningar sem sýndar eru hér fyrir neðan.

GL1.8.3 Gangtegundir

...

Gangtegundina fet skal sýna tuttugu metra hið minnsta.

...

GL1.8.4 Flæði, reiðmennska og fegurð í reið

Dómsatriðið flæði, reiðmennska og fegurð í reið byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp.

...

GL2.1 Inngangur

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt, með tónlist, þar sem öll þjálfunarstig eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.

...

GL2.4 Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir gilda 40%
- flæði, reiðmennska og fegurð í reið gilda 20%

GL2.5 Vægi æfinga

...

Faghópur LH um Gæðingalist hefur heimild til þess að endurskoða og gera breytingar á vægi einstakra æfinga og skal birta þær breytingar sem kunna að verða fyrir 1. desember ár hvert.

GL2.8.2 Æfingar

...

Einkunn fyrir æfingar þarf að vera 5 eða hærrí til að vægisstuðlar á æfingum hafi áhrif á einkunn. Heildareinkunn æfinga getur ekki farið yfir 10,0.

...

GL2.8.2.1 Æfingar á 2. stigi og vægi

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,0:

- Afturfótasnúningur fet
- Framfótasnúningur fet
- Bakka úr kyrrstöðu
- Baugur tölt/brokk/stökk
- Krossgangur á feti
- Einföld stökkskipting
- Gangskiptingar, fet - tölt - fet x3
- Hraðabreytingar (tvær stuttar eða ein löng), tölt/brokk/stökk
- Riðið á hringnum, tölt/brokk/stökk/ytra stökk
- Slaktaumatölt, frá miðri skammhlið í miðja skammhlið
- Stöðvun af tölti/brokki/stökki
- Taumur gefinn fram, tölt/stökk, þrisvarx3sek
- Lokaður sniðgangur á miðlínu eða hring (travers), fet
- Lokaður sniðgangur á skálinu (half pass) og lokaður sniðgangur á baug, fet

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,03:

- Krossgangur tölt/brokk
- Riðin átta tölt/brokk
- Slöngulínur tölt/brokk/stökk
- Taumur gefinn, fram og niður, tölt/brokk/stökk

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,07:

- Hraðabreytingar á tölti (framkvæmt upp á báðar hendur), frá miðri skammhlið í miðja skammhlið.
- Lokaður sniðgangur á hring tölt/brokk/stökk
- Lokaður sniðgangur á beinu spori, tölt/brokk/stökk
- Opinn sniðgangur tölt/brokk/stökk
- Fljúgandi stökkskipting á aðra höndina

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,10:

- Lokaður sniðgangur á baug, tölt/brokk/stökk
- Lokaður sniðgangur á skálinu (halfpass)
- Riðin átta á stökki (einfaldar stökkskiptingar)
- Skeið (framkvæmt upp á báðar hendur)
- Úthverfur lokaður sniðgangur á hring/baug, tölt/brokk/stökk

GL2.8.3 Gangtegundir

...

Gangtegundina fet skal sýna **tuttugu** metra hið minnsta. Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið, þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet.

GL2.8.4 Flæði, reiðmennska og fegurð í reið

Dómsatriðið **flæði, reiðmennska og fegurð í reið** byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp.

...

GL3.1 Inngangur

Hugmyndin á bak við gæðingalist er að sýna vel þjálfaðan gæðing á listrænan hátt, **með tónlist**, þar sem öll þjálfunarstigin eru sýnd eins og myndin af þjálfunarpíramídanum sýnir.

...

GL3.4 Hlutfall atriða

- æfingar gilda 40%
- gangtegundir gilda 40%
- flæði, reiðmennska og fegurð í reið gilda 20%

GL3.5 Vægi æfinga

...

Faghópur LH um Gæðingalist hefur heimild til þess að endurskoða og gera breytingar á vægi einstakra æfinga og skal birta þær breytingar sem kunna að verða fyrir 1. desember ár hvert.

GL3.8.2 Æfingar

...

Einkunn fyrir æfingar þarf að vera 5 eða hærri til að vægisstuðlar á æfingum hafi áhrif á einkunn. Heildareinkunn æfinga getur ekki farið yfir 10,0.

...

GL3.8.2.1 Æfingar á 3. stigi og vægi

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,0:

- Afturfótasnúningur fet
- Bakka úr kyrrstöðu
- Baugur tölt/brokk/stökk

- Einföld stökkskipting
- Gangskiptingar, fet - tölt - fet x3
- Hraðabreytingar (tvær stuttar eða ein löng), tölt/brokk/stökk
- Riðið á hringnum, tölt/brokk/stökk/ytra stökk
- Slaktaumatölt, frá miðri skammhlið í miðja skammhlið
- Stöðvun af tölti/brokki/stökki
- Taumur gefinn fram, tölt/stökk, þrisvarx3sek

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,03:

- Krossgangur tölt/brokk
- Riðin átta tölt/brokk
- Slöngulínur tölt/brokk/stökk
- Taumur gefinn, fram og niður, tölt/brokk/stökk

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,07:

- Hraðabreytingar á tölti (framkvæmt upp á báðar hendur), frá miðri skammhlið í miðja skammhlið.
- Lokaður sniðgangur á hring tölt/brokk/stökk
- Lokaður sniðgangur á beinu spori, tölt/brokk/stökk
- Opinn sniðgangur tölt/brokk/stökk
- Fljúgandi stökkskipting á aðra höndina

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,10:

- Lokaður sniðgangur á baug, tölt/brokk/stökk
- Lokaður sniðgangur á skálinu (halfpass)
- Riðin átta á stökki (einfaldar stökkskiptingar)
- Skeið (framkvæmt upp á báðar hendur)
- Úthverfur lokaður sniðgangur á hring/baug, tölt/brokk/stökk

Eftirfarandi æfingar hafa vægi 1,23:

- Afturfótasnúningur á tölti/stökki
- Fljúgandi stökkskipting til beggja handa
- Passage
- Piaffe (safnað brokk á staðnum)

GL3.8.3 Gangtegundir

...

Til að hljóta fullnaðareinkunn fyrir greitt tölt þarf að sýna greitt tölt frá miðju skammhliðar til miðju skammhliðar.

...

Gangtegundina fet skal sýna **tuttugu** metra hið minnsta. Ef knapi sýnir fleiri útfærslur af feti af öryggi getur það hækkað einkunn fyrir fetið, þar er átt við til dæmis safnað fet, meðalfet eða langt fet.

GL3.8.4 Flæði, reiðmennska og fegurð í reið

Dómsatriðið **flæði, reiðmennska og fegurð í reið** byggir á hversu vel knapanum tekst til í sýningunni, en einnig hversu krefjandi sýningin er sett upp.

Mjög góð sýning hefur gott flæði, eitt leiðir áreynslulaust af öðru. Til að hljóta einkunn á bilinu 7.0 – 10 fyrir útfærslu og reiðmennsku á efsta stigi skal knapi sýna efstu þrjú þrep þjálfunarpíramídans; kraft, söfnun og yfirferð. Frjálst er að ríða hringi og bauga hvenær sem er og getur það virkað til hækkunar á viðkomandi gangtegund. T.d. að bæta hring eða baug við stökksýningu.